

116 Ef þannig þær tvær upphæðir, er nú voru nefndar, fyrir greint tímabil, eru 21. ágúst. greiddar í landssjóð, eða landssjóður hefur kröfu til þeirra, þá veiti jeg yður, herra landshöfðingi, hjermeð myndugleika til, að láta greiða beiðandanum fyrir sama tímabil úr landssjóði umrædda uppþót, sem Akureyrar prestakalli er ákveðin með lögnum 1884, 300 kr. Að öðrum kosti þykir mjer ísjárvert að láta greiða uppþótina, en aptur á móti finnst mjer sanngirni mæla með, að beiðandanum verði veitt endurgjald fyrir rýrnun þá í embættistekjum hans, sem orsakast hefur af því, að lögín hafa framkvæmd verið að nokkru en eigi öllu leyti, og er jeg því fús til, ef til kemur, að taka greinda upphæð á væntanlegt frumvarp til fjárukalaga fyrir 1886—87, og bið jeg yður þá, að skýra beiðandanum frá því.

Jeg vonast eptir að fá þóknanlega skýrslu yðar um, hvað hjer eptir verður gjört í þessu máli.

117 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lin-
30. sept. un í afgangi eptir nokkrar þjóðjarðir sökum vatnságangs. — Í 3 þóknanlegum brjefum, dags. 2. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skýrslur hlutaðeigandi umboðsmanns viðvíkjandi skemmdum, er nokkrar þjóðjarðir í Möðruvallaklausturs-umboði höfðu orðið fyrir í fyrra sumar af vatnságangi, og hafið þjer lagt það til, að ábúendunum á jörðum þessum verði eptir beiðni þeirra og lögum um bygging, ábúd og úttekt jarða, 12. janúar 1884, veitt linun í afganginu eptir ábýlisjarðir þeirra samkvæmt skoðunargjörðum, er fram hafa farið á skemmdunum, þannig :

1. að leiguliðanum á Hrísum í Svarfaðardal, verði veitt 40 meðalálna linun í landskuld jarðarinnar fardagaárið 1885—86, 30 álna linun fyrir yfirstandandi fardagaár og 20 álna linun fyrir næsta fardagaár ;
2. að leiguliðanum á Litla-Dunhaga í Arnarneshreppi verði veitt 5½ meðalálnar lækkun á landskuld ábýlisjarðar hans fyrir fardagaárið 1885—86 og eptirleiðis ;
3. að leiguliðunum á jörðunum Hofsa, Skeggjastöðum og Hofsaarkoti í Svarfaðardal, verði veitt respective 13, 4 og 5 meðalálna lækkun í landskuldum jarða þeirra fardagaárið 1885—86 og resp. 4, 1 og 2 meðalálna lækkun eptir það fyrst um sinn.

Jafnframt hafið þjer lagt það til að helmingur kostnaðarins af skoðunargjörðunum útaf skemmdunum á Hrísum og Litla-Dunhaga, mætti greiðast úr umboðssjóði.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg fellst hjermeð á ofangreindar tillögur yðar.

EMBÆTTASKIPANIR

8. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. Jóni Thorsteinsen, Þingvalla prestakall í Árness prófastsdæmi.

15. s. m. var landritari Jón Jenson, settur til þess að gegna í fjærveru setts sýslumanns, Franz Siemens, málaflutningsmannssýslun þeirri við yfirjettinn, er hann hefur haft á hendi, þangað til önnur ráðstöfun verður gjörð.

LANDSBANKINN.

16. sept var landritari Jón Jenson, samkvæmt 29. gr. laga frá 18. sept. 1885, skipaður endurskodari við landsbankann í Reykjavík.